

## Jeratún ehf.

### Lykiltölur úr ársreikningi

<b>Rekstrarreikningur</b>	<b>2005</b>	<b>2004</b>
Tekjur .....	60.177	12.014
Rekstrargjöld.....	(4.420)	(5.775)
Afskriftir .....	(4.117)	(900)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	(42.625)	(4.543)
<b>Hagnaður fyrir skatta.....</b>	<b>9.015</b>	<b>796</b>
Tekjuskattur.....	(1.722)	0
<b>Hagnaður ársins.....</b>	<b>7.293</b>	<b>796</b>
<b>Efnahagsreikningur</b>		
Fastafjármunir .....	436.382	381.079
Veltufjármunir .....	39.458	25.975
<b>Eignir samtals .....</b>	<b>475.840</b>	<b>407.054</b>
Eigið fé .....	8.343	1.050
Langtímaskuldir og skuldbindingar .....	443.959	325.626
Skammtímaskuldir .....	23.538	80.378
<b>Eigið fé og skuldir samtals .....</b>	<b>475.840</b>	<b>407.054</b>
<b>Yfirlit um sjóðstreymi</b>		
Handbært fé frá (til) rekstri .....	(18.129)	43.826
Fjárfestingahreyfingar .....	(59.420)	(368.958)
Fjármögnunarhreyfingar .....	103.341	330.000
Handbært fé í árslok.....	30.679	4.887
<b>Kennitölur</b>		
Veltufjórhlutfall.....	1,68	0,32
Eignfjórhlutfall .....	1,75%	0,26%

### Ársreikningur Jeratúns ehf. árið 2005.

Ársreikningur Jeratúns ehf. fyrir árið 2005 var staðfestur af stjórn og framkvæmdastjóra félagsins í gær, 27. mars 2006.

Jeratún ehf. er einkafyrirtæki í eigu Grundarfjarðarbæjar, Helgafellssveitar, Snæfellsbæjar og Stykkishólmsbæjar og bera þau ábyrgð á skuldbindingum þess. Hlutverk félagsins er bygging og rekstur skólahúsnæðis Fjölbrautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði. Starfsemi félagsins flokkast því undir að vera á vettvangi sveitarfélaga.

Rekstrarhagnaður félagsins á árinu 2005 var 7.293 þús. kr. og í lok þess nam eigið fé 8.343 þús. kr. samkvæmt ársreikningi. Starfsemi félagsins var í samræmi við áætlanir og greiðslur sveitarfélaganna til þess voru í skilum.

Lántaka félagsins er vegna fjármögnunar framkvæmda við Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Sveitarfélögin ásamt ríkinu greiða húsaleigu sem á að standa undir afborgunum og vöxtum af lánum. Í lok ársins námu eftirstöðvar lána 442,2 millj. kr. og voru eftirstöðvar í skilum. Sveitarfélögin bera hlutfallslega ábyrgð á greiðslu lánanna.

Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri í Grundarfirði, er framkvæmdastjóri Jeratúns ehf. og veitir frekari upplýsingar um starfsemi þess og stöðu.

Grundarfirði, 28. mars 2006.  
Jeratún ehf.